



# Börn og netmiðlar

Áhorf á klám



FJÖLMIÐLANEFND  
ICELANDIC MEDIA COMMISSION



# Börn og netmiðlar

## 4. HLUTI - ÁHORF Á KLÁM

Apríl 2022

**Fjölmiðlanefnd**

**Menntavísindastofnun**

Höfundur: Ingibjörg Kjartansdóttir

Umsjón: Skúli B. Geirdal

|                                                                      |           |
|----------------------------------------------------------------------|-----------|
| <b>Inngangsorð</b>                                                   | <b>4</b>  |
| <b>Helstu niðurstöður</b>                                            | <b>5</b>  |
| <b>Framkvæmd könnunar</b>                                            | <b>6</b>  |
| <b>Niðurstöður</b>                                                   |           |
| <b>Klámahorf ungmenna</b>                                            | <b>7</b>  |
| · Hefur þú horft á klám á netinu?                                    |           |
| · Síðast þegar þú horfðir á klám á netinu, hvernig kom það til?      |           |
| · Síðast þegar þú horfðir á klám á netinu, hvernig upplifðir þú það? |           |
| <b>Klámauglýsingar á netinu</b>                                      | <b>13</b> |
| · Hefur þú séð auglýsingu um klám á netinu?                          |           |
| · Hvar á netinu hefur þú séð auglýsingar um klám?                    |           |
| <b>Yfirlit um fjölda þátttakenda</b>                                 | <b>16</b> |
| <b>Þakkir</b>                                                        | <b>17</b> |

Fjölmiðlanefndir á Norðurlöndunum og í öðrum ríkjum álfunnar hafa með reglubundnum hætti kannað hvernig börn og ungmenni nota fjölmiðla og samfélagsmiðla. Með því að gera reglubundnar kannanir og vinna úr þeim tölfraðilegu gögnum sem safnað er má fylgjast með þeim breytingum sem verða á notkun. Á grundvelli upplýsinganna er hægt að eiga samtal um ólíka notkun, gefa góð ráð og búa til fræðsluefni fyrir ólíka aldurshópa.

Fjölmiðlanefnd fékk Menntavísindastofnun Háskóla Íslands til að framkvæma viðtæka spurningakönnun meðal grunn- og framhaldsskólanema á aldrinum 9-18 ára um allt land á vormánuðum árið 2021. Um var að ræða norska rannsókn, sem var staðfærð og þýdd, en rannsóknin var upphaflega unnin af norsku fjölmiðlanefndinni Medietilsynet, í samstarfi við Sentio Research í Noregi. Auk þess fékk Medietilsynet aðstoð frá norsku Neytendastofnuninni, Kripos og Barnaheillum í Noregi. Umsjón með verkefninu hafði Thea Grav Rosenberg.

Niðurstöður þessarar viðtæku spurningakönnunar meðal íslenskra barna og ungmenna verða kynntar í nokkrum hlutum. Í fyrsta hluta er fjallað um **miðlanotkun barna og ungmenna**. Í öðrum hluta er fjallað um **kynferðisleg komment og nektarmyndir**. Í þriðja hluta er sjónum beint að **öryggi barna og ungmenna á netinu** og í fjórða hluta er viðfangsefnið **klám**. Fimmta skýrslan fjallar um **notkun barna og ungmenna á tölvuleikjum** og sú sjötta um **fjölmiðla-notkun** þeirra og hvort þau verði vör við **falsfréttir**. Síðasta hlutanum er síðan ætlað að lýsa **upplifun barna og ungmenna á netinu**.


Er þetta í fyrsta sinn sem Fjölmiðlanefnd, í samstarfi við Menntavísindastofnun, birtir niðurstöður slíkrar umfangsmikillar könnunar. Fyrirhugað er að gera sambærilega könnun á tveggja til þriggja ára fresti til að kanna miðlanotkun og færni barna og ungmenna þannig að hægt verði að bera saman niðurstöðurnar og hvernig notkun þróast.

Í lokin verða upplýsingarnar gerðar aðgengilegar í heildstæðri skýrslu. Þá verður jafnframt tryggt að fræðasamfélagið og aðrir geti nálgast rannsóknargögn á aðgengilegu formi, að teknu tilliti til persónuverndarsjónarmiða, þar sem niðurstöður könnunarinnar geta orðið uppspretta frekari kannana og rannsókna.




**Elfa Ýr Gylfadóttir**

Framkvæmdastjóri Fjölmiðlanefndar




## Fjöldi barna og ungmenna sem hefur horft á klám á netinu

Á bilinu tvisvar til þrisvar sinnum fleiri strákar en stelpur í grunnskóla hafa horft á klám á netinu. Í framhaldsskóla er munur milli kynjanna minni, en meirihluti nemenda þar hefur horft á klám á netinu.




## Meirihluti ungmenna leita sjálf að klámefni á netinu

Stelpur leita síður að klámefni á netinu en strákar. Upp úr 8. bekk hækkar þó nokkuð hlutfall stelpna sem leitar að klámi. Munurinn á grunn- og framhaldsskóla er í kringum 10% hjá báðum kynjum.



## Klámauglýsingar á netinu

Strákar eru heldur líklegri til að sjá klámauglýsingar á netinu en stelpur. Hlutfall stráka sem sjá klámauglýsingar hækkar mest milli 9. og 10. bekkjar en meðal stelpna hækkar það nokkuð jafnt milli ára, eða um 10% á ári. Flestir sögðust hafa séð klámauglýsingu inn á Google.



## Strákum líkar klámáhorfið betur en stelpum

Af þeim sem höfðu horft á klám voru strákar ánægðari með áhorfið en stelpurnar. Um helmingur stráka í 9. bekk og eldri taldi að sér hefði líkað áhorfið. Um helmingi færri stelpum líkaði að hafa horft á klámefnið.

Í skýrslu þessari birtist hluti af niðurstöðum könnunarinnar *Börn og netmiðlar*. Könnunin náði um allt land og byggir á rannsókn norsku fjölmiðlanefndarinnar *Barn og media*. Við þökkum henni fyrir aðstoð og samstarf við undirbúning og skipulagningu þessa verkefnis.

Fyrirlögn könnunarinnar var rafræn með slembivöldu úrtaki skólanema á aldrinum 9 – 18 ára. **Alls tóku 5.911 nemendur þátt**, þar af voru 4.802 grunnskólanemendur í 4.-10. bekk og 1.109 framhaldsskólanemendur. Könnunin var framkvæmd með nokkuð mismunandi hætti í grunnskólum annars vegar og framhaldsskólum hins vegar.

Í þeim hluta könnunarinnar sem framkvæmdur var á **meðal grunnskólanema voru skólar slembivaldir á öllum landsvæðum**. Heimild var fengin hjá fræðslustjórum eða skólaskrifstofum viðkomandi svæða til að hafa samband við skólastjóra innan viðkomandi fræðslusvæðis. **23 af 25 boðuðum skólum samþykktu þátttöku**. Úrlausnir bárust frá öllum skólum nema tveimur. Skólarnir sendu forsjáraðilum nemenda upplýsingabréf frá rannsakendum um fyrirhugaða könnun og gefinn var kostur á að hafna þátttöku. **Könnunin var lögð fyrir grunnskólanemendur í kennslustund** eftir settum verklagsreglum og notaðar voru tölvur í eigu skólanna.

**Fyrirlögn meðal nemenda framhaldsskólanna var að nokkru leyti frábrugðin** þó að þátttakendur hafi fengið sama spurningalista og nemendur á unglingastigi grunnskóla. Haft var samband við um **30 framhaldsskóla og 23 þeirra samþykktu þátttöku**. Starfsmenn skóla sendu upplýsingar um fyrirhugaða könnun til forsjáraðila allra nemenda sem ekki höfðu náð 18 ára aldri, að auki fylgdu með upplýsingar fyrir þá sem vildu hafna þátttöku barna sinna. **Netpóstur með upplýsingum um könnunina og þátttökuhlekk var síðan sendur til allra nemenda** sem voru 18 ára eða yngri og höfðu ekki hafnað þátttöku. Allir skólar nema einn sendu út eina ítrekun til nemenda.

Þátttakendum var gerð grein fyrir að þeim bæri engin skylda til að taka þátt í könnuninni, þeir mættu sleppa spurningum og/eða hætta þátttöku hvenær sem þeir vildu. **Einnig var þeim greint frá því að ekki væri verið að afla neinna persónuupplýsinga**. Útsendir spurningalistar voru að meginstofni til þeir sömu, **styttri útgáfa var fyrir nemendur í 4.-7. bekk**, en lengri listi með viðbættum efnisflokkum var ætlaður nemendum í 8. bekk og eldri. Þátttakendur í framhaldsskólum fengu sama spurningalista og lagður var fyrir nemendur í 8.-10. bekk grunnskóla.


**Tímabil fyrirlagnar var frá miðjum mars og fram til fyrstu viku maímánaðar 2021**. Niðurstöður fyrir grunnskólanema voru vigtaðar fyrir bekk og landssvæði. Niðurstöður fyrir framhaldsskólanema voru vigtaðar eftir kyni og landssvæði.

## HORFA UNGMENNI Á KLÁM?

Þátttakendur í 8. bekk og eldri (13-18 ára) fengu nokkrar spurningar um klámáhorf á netinu, þ.e. hvort þeir hafi horft á klám, hvernig þeir upplifðu það og hvort og hvar þeir sæju klám-auglýsingar á netinu.

### Mynd 1. HEFUR ÞÚ HORFT Á KLÁM Á NETINU?


Niðurstöður flokkaðar eftir skólastigum. Tölur á mynd eru hlutfallstölur. (8.-10. bekkur n= 2312, framhaldsskóli n= 1092) .



Tæplega þrír af hverjum tíu nemendum í 8. bekk hafa horft á klám á netinu. Í 10. bekk hefur meirihluti nemenda horft á klám en í framhaldsskóla er hlutfallið sjö af hverjum tíu nemendum.

## Mynd 2. HEFUR ÞÚ HORFT Á KLÁM Á NETINU?

Niðurstöður flokkaðar eftir bekkjum fyrir stráka og stelpur. Tölur á mynd eru hlutfallstölur. (8.-10. bekkur n= 2312 , framhaldsskóli n= 1092).




Á mynd 2 að ofan má sjá að um tvöfalt til þrefalt fleiri strákar en stelpur hafa horft á klám á netinu. Munur milli stráka og stelpna er mestur í 9. bekk þar sem tæplega þrefalt fleiri strákar en stelpur hafa horft á klám. Í framhaldsskóla hafa átta af tíu strákum horft á klám samanborið við rúman helming stelpna.

# HVERS VEGNA HORFA UNGMENNIR Á KLÁM?

## Mynd 3. SÍÐAST ÞEGAR ÞÚ HORFÐIR Á KLÁM Á NETINU, HVERNIG KOM ÞAÐ TIL?

Niðurstöður flokkaðar eftir skólastigum. Tölur á mynd eru hlutfallstölur. (8.-10. bekkur n= 898, framhaldsskóli n= 428).




Þátttakendur á aldrinum 13-18 ára, sem höfðu horft á klám á netinu, voru spurðir nánar út í ástæður þess og aðdraganda síðast þegar það gerðist að þeir horfðu á klám. Í langflestum tilfellum var það niðurstaða þeirrar eigin leitar. Í 8.-10. bekk grunnskóla sögðu 10% nemenda að vinur eða vinkona hefði sýnt þeim klámefnið síðast þegar þau horfðu á slíkt. Lægra hlutfall þátttakenda í framhaldsskóla (4%) hafði horft á klám vegna þess að vinur eða vinkona hafði sýnt þeim það. Samtals er því lágt hlutfall ungmenna sem verða fyrir því að horfa á klám án þess að hafa leitað eftir því sjálf, sjá mynd 3.

Á báðum skólastigum hefur hærra hlutfall stráka en stelpna leitað eftir klámefni, sjá mynd 4. Í 8.-10. bekk hafa 69% stráka og 54% stelpna sjálf leitað klámið uppi. Í framhaldsskóla er hlutfallið aðeins hærra, 83% stráka og 72% stelpna. Stelpur, á báðum skólastigum, eru líklegri en strákar til að hafa horft á klám vegna þess að vinur eða vinkona hafði bent þeim á það. Um 2-3% stráka og stelpna í báðum aldurshópum segja samfélagsmiðla vera ástæðu þess að þau horfi á klám.

#### Mynd 4. SÍÐAST ÞEGAR ÞÚ HORFÐIR Á KLÁM Á NETINU, HVERNIG KOM ÞAÐ TIL?


Niðurstöður fyrir stráka og stelpur eftir skólastigum. Tölur á mynd eru hlutfallstölur.



Mynd 5 sýnir hlutfall þeirra sem leita sjálf eftir klámefni á netinu. Strákar eru líklegri en stelpur í öllum bekkjum grunnskóla og framhaldsskóla til að leita að klámefni á netinu. Hlutfall stelpna sem leita sjálfar eftir klámi hækkar töluvert í 9. bekk og heldur áfram að hækka lítillega í 10. bekk og framhaldsskóla.

#### Mynd 5. HLUTFÖLL STELPNA OG STRÁKA SEM LEITUÐU SJÁLF EFTIR KLÁMEFNI, FLOKKAD EFTIR BEKKJUM.

Niðurstöður flokkaðar eftir strákum, stelpum og bekkjum. Tölur á mynd eru hlutfallstölur.




# HVERNIG FINNST BÖRNUM OG UNGMENNUM AÐ HORFA Á KLÁM?

Þátttakendur á aldrinum 13-18 ára sem höfðu horft á klám á netinu voru spurðir hvernig þeir upplifðu klámið síðast þegar þeir horfðu á það. Gefnir voru 7 valkostir og mátti merkja við fleiri en einn kost.

## Mynd 6. SÍÐAST ÞEGAR ÞÚ HORFÐIR Á KLÁM Á NETINU, HVERNIG UPPLIFÐIR ÞÚ ÞAÐ?

Niðurstöður flokkaðar eftir skólastigum. Tölur á mynd eru hlutfallstölur. (8.-10. bekkur n= 898, framhaldsskóli n= 428).




Fjórum af hverjum tíu ungmennum á aldrinum 13-18 ára líkaði það síðast þegar þau horfðu klám. Um fjórðungi nemenda í 8.-10. bekk og fimmtungi í framhaldsskóla var alveg sama. Um einum af hverjum tíu nemendum á báðum skólastigum þótti klámið spennandi. Fáir voru þeirrar skoðunar að þeim hafi þótt klámið ógeðslegt, eða aðeins 4% í 8.-10. bekk og 2% í framhaldsskóla.

Á mynd 7 má sjá upplifun stráka og stelpna af klámahorfi. Af nemendum í 8.-10. bekk grunnskóla, sem hafa horft á klám, eru fjórir af hverjum tíu strákum og tvær af hverjum tíu stelpum sem líkar klámahorfið. Í framhaldsskóla var hærra hlutfall hjá báðum kynjum en munur milli kynja minni. Hlutfallslega fleiri stelpum en strákum á báðum skólastigum var sama þótt þær hefðu horft á klám. Einnig var örlítið hærra hlutfall stelpna en stráka í hópi þeirra sem fannst spennandi að horfa á klám. Á báðum skólastigum voru hlutfallslega fleiri stelpur en strákar sem fannst klámahorfið hafa verið óþægilegt og/eða ógeðslegt, um 9% stelpna samanborið við 2-3% stráka í 8.-10. bekk grunnskóla. Engum strák í framhaldsskóla þótti klámið hafa verið ógeðslegt.

### Mynd 7. SÍÐAST ÞEGAR ÞÚ HORFÐIR Á KLÁM Á NETINU, HVERNIG UPPLIFÐIR ÞÚ ÞAÐ?


Niðurstöður fyrir stráka og stelpur flokkaðar eftir skólastigum. Tölur á mynd eru hlutfallstölur.



Á mynd 8 má sjá aðeins þau ungmenni sem líkaði að horfa á klámefni flokkað eftir bekkjum. Eftir 8. bekk grunnskóla helst hlutfallið svipað meðal stráka á öllum skólastigum. Hlutfallslega færri stelpum en strákum líkar við að horfa á klám, en þeim fjölgar aðeins með hækkandi aldri.

### Mynd 8. HLUTFALLSLEGUR FJÖLDI SEM LÍKAR AÐ HORFA Á KLÁMEFNI FLOKKAÐ EFTIR BEKKJUM.


Tölur á mynd eru hlutfallstölur.



# SJÁ UNGMENNI KLÁM AUGLÝST Á NETINU?

## Mynd 9. HEFUR ÞÚ SÉÐ AUGLÝSINGU UM KLÁM Á NETINU?


Niðurstöður flokkaðar eftir skólastigum. Tölur á mynd eru hlutfallstölur. (8.-10. bekkur n= 2312 , framhaldsskóli n= 1092).



Allir 13-18 ára þátttakendur voru spurðir hvort og hvar þeir hefðu séð klámauglýsingar á netinu. Þessi spurning var ekki háð svörum við öðrum spurningum. Tæpur helmingur allra þátttakenda í 8.-10. bekk grunnskóla hefur séð klám auglýst á netinu. Hlutfallið er nokkuð hærra meðal framhaldsskólanema en um sjö af hverjum tíu þeirra höfðu séð klám auglýst á netinu.

## Mynd 10. HLUTFALL ÞÁTTTAKENDA SEM HÖFÐU SÉÐ KLÁM AUGLÝST Á NETINU

Niðurstöður fyrir stráka og stelpur flokkaðar eftir skólastigum. Tölur á mynd eru hlutfallstölur.




Það er munur á hvoru tveggja kyni og skólastigum í svörum við spurningunni um auglýsingar um klám á netinu. Samantekið var hærra hlutfall stráka (52%) en stelpna (41%) í 8.-10. bekk í hópi þeirra sem höfðu séð klám auglýst á netinu. Mynd 10 sýnir hins vegar niðurstöður eftir bekkjum. Í framhaldsskóla voru hlutföllin hærri en munur milli kynjanna var minni, þ.e. 69% strákanna hafði séð klámauglýsingar en 64% stelpnanna.

# HVAR Á NETINU SJÁ UNGMENNIR KLÁM AUGLÝST?

Þátttakendur sem höfðu séð klámauglýsingar á netinu voru spurðir hvar þeir hefðu séð þær.

## Mynd 11. HVAR Á NETINU HEFUR ÞÚ SÉÐ AUGLÝSINGAR UM KLÁM?

Niðurstöður flokkaðar eftir skólastigum. Tölur á mynd eru hlutfallstölur. (8.-10. bekkur n= 966, framhaldsskóli n= 423).




Á báðum skólastigum voru fjórir algengustu staðirnir sem þátttakendum hefur birst auglýsing um klám á þeir sömu, þó ekki væru sömu hlutföllin. Í 8.-10. bekk segjast fjórir af hverjum tíu ekki muna hvar auglýsingarnar birtust en þrír af hverjum tíu segjast hafa séð slíkar auglýsingar á Google. Tveir af hverjum fimm sáu þær annars staðar eða á Instagram.

Í framhaldsskóla hafa þrír af tíu séð klámauglýsingar á Google og sama hlutfall segist ekki muna hvar þær hafi birst. Um fjórðungur hefur séð auglýsingarnar annars staðar eða á Instagram. Á mynd 11 má sjá alla átta birtingastaði klámauglýsinga sem spurt var um.

## Mynd 12. HVAR Á NETINU HEFUR ÞÚ SÉÐ AUGLÝSINGAR UM KLÁM?

Niðurstöður fyrir stráka og stelpur flokkaðar eftir skólastigum. Tölur á mynd eru hlutfallstölur.



Óverulegur munur er á hlutfalli stráka og stelpna í 8.-10. bekk sem merkja við að hafa séð klám auglýst á nokkrum samfélagsmiðlum og netinu að undanskildum valkostinum Google. Þar eru tæplega fjórir af hverjum tíu strákum sem merkja við að hafa séð klám auglýst á Google og þrjár af hverjum tíu stelpum.

Af þátttakendum í framhaldsskóla hafa almennt fleiri strákar en stelpur séð klámauglýsingar á Instagram, YouTube, Snapchat, Facebook eða annars staðar. Hins vegar er nokkuð hærra hlutfall stelpna en stráka á báðum skólastigum sem merkja við að þær muni ekki hvar þær sáu auglýsingar um klám, en fjórar af hverjum tíu stelpum á báðum skólastigum segjast ekki muna það.

## YFIRLIT UM FJÖLDA ÞÁTTAKENDA

Í töflunni hér á eftir má sjá fjölda þátttakenda í grunn- og framhaldsskólum flokkaða eftir kyni og bekk eða aldri. Þar sem niðurstöður könnunarinnar eru vigtaðar eftir kyni með viðmiðunartölum frá Hagstofu Íslands er aðeins mögulegt að birta niðurstöður fyrir stelpur og stráka.

| Grunnskóli     | Stelpur     |              | Strákar     |              | Annað      |             | Fjöldi alls |               |
|----------------|-------------|--------------|-------------|--------------|------------|-------------|-------------|---------------|
| 4. bekkur      | 228         | 46.0%        | 267         | 53.8%        | 1          | 0.2%        | 496         | 100,0%        |
| 5. bekkur      | 307         | 48.9%        | 309         | 49.2%        | 12         | 1.9%        | 628         | 100,0%        |
| 6. bekkur      | 332         | 48.9%        | 332         | 48.9%        | 15         | 2.2%        | 679         | 100,0%        |
| 7. bekkur      | 332         | 50.1%        | 312         | 47.1%        | 19         | 2.9%        | 663         | 100,0%        |
| 8. bekkur      | 432         | 52.2%        | 365         | 44.1%        | 31         | 3.7%        | 828         | 100,0%        |
| 9. bekkur      | 378         | 47.8%        | 383         | 48.5%        | 29         | 3.7%        | 790         | 100,0%        |
| 10. bekkur     | 351         | 48.9%        | 347         | 48.3%        | 20         | 2.8%        | 718         | 100,0%        |
| <b>Samtals</b> | <b>2360</b> | <b>49.1%</b> | <b>2315</b> | <b>48.2%</b> | <b>127</b> | <b>2.6%</b> | <b>4802</b> | <b>100,0%</b> |

| Framhaldsskóli |            |              |            |              |           |             |             |               |
|----------------|------------|--------------|------------|--------------|-----------|-------------|-------------|---------------|
| 15 ára         | 1          | 33,3%        | 2          | 66,7%        | 0         | 0,0%        | 3           | 100,0%        |
| 16 ára         | 147        | 57,9%        | 102        | 40,2%        | 5         | 2,0%        | 254         | 100,0%        |
| 17 ára         | 341        | 62,7%        | 193        | 35,5%        | 10        | 1,8%        | 544         | 100,0%        |
| 18 ára         | 201        | 65,3%        | 104        | 33,8%        | 3         | 1,0%        | 308         | 100,0%        |
| <b>Samtals</b> | <b>690</b> | <b>62,4%</b> | <b>401</b> | <b>36,3%</b> | <b>18</b> | <b>1,6%</b> | <b>1109</b> | <b>100,0%</b> |

**TAFLA 1. FJÖLDI ÞÁTTAKENDA EFTIR BEKK/ALDRI OG KYNI.**

## BESTU ÞAKKIR

# Þakkir

Við þökkum skólaskrifstofum og fræðslustjórum fyrir að veita skólum sínum leyfi til að taka þátt í könnuninni Börn og netmiðlar. Kennarar grunnskólanna sem samþykktu góðfúslega að sjá um könnunina og öll ungmennin sem svöruðu spurningalistanum eiga bestu þakkir skilið.

Einnig þökkum við skólameisturum framhaldsskóla fyrir að taka jákvætt í erindi okkar og aðstoða okkur við framkvæmd könnunarinnar meðal framhaldsskólanema.